

1871.

29. júlí.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um verkfæri handa lækni.

Með bréfi, dagsettu 27. maím. þ. á., hafði þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skrá yfir lækningaverkfæri, sem héraðslæknirinn á Vestmannaeyjum æskir að verði til fengin handa embættinu þar, og hafði þér jafnframt borið upp þá spurningu, hvort greiða megi kostnaðinn við aðgjörð á nokkrum verkfærum, sem tilheyrja embættinu, úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

Jafnframt og stjórnarráðið leyfir, að kostnaðurinn við aðgjörðina verði greiddur úr jafnaðarsjóði suðuramtsins, gefst yður til vitundar, að stjórnarráðið hefir látið útvega þau af verkfærunum, sem þér álitíð nauðsynleg, sem eru þessi:

(hér eru talin ýms lækningaverkfæri)

Þessi verkfæri höfum vèr í dag sent héraðslækninum beint hëðan, og mælumst vèr til, að þér, herra stiptamtmaður, sjáið um, að kaupverðið fyrir verkfærin, sem er 8 rd. 32 sk., og samkvæmt tilhlutun stjórnarráðsins mun verða borgað úr aðalféhirzlunni, verði aptur endurgoldið ríkissjóðnum, með því að borga jafnmikið fè til jarðabókarsjóðsins úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

31. júlí.

74. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kennslu ómála stúlku.

Eftir að stjórnardeildin hafði sent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá, sem hingað hafði borizt, um það, að ómála stúlka, 22 ára gömul, Anna Sigríður Magnúsdóttir úr Jökulsdalshrepp í Norðurmúlasýslu, verði tekin til kennslu á hinn konunglega ómála-skóla í Kaupmannahöfn, hefir teð stjórnarráð tilkynnt oss, að með því stúlkan sè komin svo langt yfir þann aldur, sem inntaka á teðan skóla er bundin við, verði það ekki veitt, sem sókt var um; á hinn bóginn leiðum vèr athygli yðar að því, að stúlkunni megi ef til vill koma til kennslu hjá Páli presti Pálssyni að

Kirkjubæjar klaustri, sem fyrir nokkru hefir kynnt sér kennslu-
aðferðina í hinum konunglega ómálaskóla hér í borginni.

1871.

31. júlí.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leið-
beiningar og svo þér kunngjörð það þeim, sem hlut eiga að máli.

**75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vestur- umdæminu, um lestagjald og afgreiðslugjald
af skipi.**

7. ágúst.

Eftir að hingað hafði borizt álitsskjal yðar, herra amtmaður,
dagsett 6. maím. þ. á., um bænarskrá nokkra, þar sem Schmidt
í Arósi á Jótlandi sækir um, að sér verði borgað aptur lestagjöld
og afgreiðslugjöld, sem hann hafi greiðt af fiskiskipi sínu til bæjar-
fógetans í Ísafjardarkaupstað, höfum vér sent fjárhagsstjórninni
bænarskrána til úrskurðar, að því leyti, er snertir lestagjöldin,
sem hafa runnið í ríkissjóðinn, og hefir tæð stjórnarráð síðan, í
bræfi 1. þ. m., tilkynnt dómsmálastjórninni, að borga megi sækjand-
anum aptur lestagjaldið, sem var 33 rd.

Þaræð fjárhagsstjórnin þannig álitur, að tæð skip aðeins hafi
verið haft til fiskiveiða, hefir dómsmálastjórnin samkvæmt Auka-
tekju-reglugjörð rættarins þjóna á Íslandi 10. septbr. 1830, 62.
gr.¹ gefið tæðum kaupmanni Schmidt upp 66 sk. af afgreiðslug-
gjaldinu, sem var 2 rd. 72 sk., og mælumst vér því til, að þér,
herra amtmaður, bjóðið bæjarfógetanum í Ísafjardarkaupstað að
borga aptur tæða 66 sk. og greiða þá í jarðabókarsjóðinn.²

¹) Lovsamling for Island, IX., 549.

²) Dómsmálastjórnin hafði mælt til við fjárhagsstjórnina, að hún
læti borga Schmidt kaupmanni þessa 66 sk. á gjaldstofunni í
Árósi fyrir hönd jarðabókarsjóðsins.